

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

12. júní 1975.

Nr. 308.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1975:

5 × 6 lbs. í skel garndreginn.

7—15	\$ 4.45	pr. lb.	Cif. U. S. A.
15—30	\$ 3.46	— — — —	—
30—45	\$ 2.48	— — — —	—

5 × 3 kg. í skel með görn.

7—15	\$ 4.50	pr. lb.	Cif. U. S. A.
10—20	\$ 4.50	— — — —	—
15—30	\$ 3.33	— — — —	—
20—35	\$ 3.33	— — — —	—
30—40	\$ 2.56	— — — —	—
30—45	\$ 2.56	— — — —	—
35—60	\$ 2.02	— — — —	—
45—60	\$ 2.02	— — — —	—

Viðmiðunarverð miðast við viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar (§ 1 = 151.20) 23. maí 1975.

Verðbil verður 6%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. júní 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.